



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. desember 2023
Tilvísun: M23120628 / 00.08.00 Almennt

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. 535. mál -þingskjal 621.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 1. desember sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. 535. mál - þingskjal 621.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa gerir ekki aðrar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar en þá að það er hvergi minnst á Áfangastaðastofur sem umsagnaraðila/samstarfsaðila eða að það sé tekið mið af áfangastaðaáætlunum. Landsskipulagsstefnan byggist á grænbók og hvítbók um skipulagsmál. Hvítbók um skipulagsmál var lögð fram í haust og þar er kveðið á um að taka skuli mið af áfangastaðaáætlunum landshlutana. Mikilvægt er að hafa samhljóm í opinberum stefnum og leggur Ferðamálastofa til að áfangastaðastofur sem sjá um gerð áfangastaðaáætlana verði bætt í stefnuna.

Áfangastaðastofur starfa í öllum landshlutum. Þær eru svæðisbundnar þjónustueiningar á vegum opinberra aðila og einkaaðila og hafa það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Mikilvægt er að hafa í huga að áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er



að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustubáttum o.s.frv.

Hjá Áfangastaðastofum er mikil þekking á nærsvæðinu og því mikilvægt að rödd þeirra heyrist í þeim aðgerðum sem fyrirhugað er að ráðast í.

Virðingarfyllt,
F.h. Ferðamálastofu
Elías B. Gíslason, forstm. Gæða- og þróunarsviðs